

# Lífeyrissjóður bankamanna

---

Ársreikningur

---

2006

Lífeyrissjóður bankamanna  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Kt. 510169-4259

# Lífeyrissjóður bankamanna

---

Ársreikningur

---

2006

## Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3-5
Áritun stjórnar	6

## Ársreikningur Hlutfallsdeilda

Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit um sjóðstreymi	9
Skýringar	10-18

## Ársreikningur Stigadeilda

Rekstrarreikningur	19
Efnahagsreikningur	20
Yfirlit um sjóðstreymi	21
Skýringar	22-30

## Sameiginlegt yfirlit

Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign	31
Deildaskiptur efnahagsreikningur	32

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bankamanna

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs bankamanna árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuniðni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga.

Reykjavík, 28. febrúar 2007

Deloitte hf.

Björg Sigurðardóttir  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna var þannig skipuð í lok ársins 2006; Friðbert Traustason, Helga Jónsdóttir og Sigurjón Gunnarsson kjörin á ársfundi sem fulltrúar sjóðfélaga svo og Haukur Þór Haraldsson tilnefndur af bankaráði Landsbanka Íslands h.f., Ingvar A. Sigfússon tilnefndur af bankaráði Seðlabanka Íslands og Friðrik Halldórsson tilnefndur af aðildarfyrirtækjum sjóðsins. Að loknum ársfundi í apríl 2006 skipti stjórnin með sér verkum með þeim hætti að Friðbert var kjörinn formaður og Haukur varaformaður.

Starfsmenn sjóðsins eru Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri, Svana M. Símonardóttir fulltrúi og Anna Karlsdóttir ritari.

Í árslok greiddi sjóðurinn 641 aðilum lífeyri, þar af 598 úr Hlutfallsdeild. Voru lífeyrisgreiðslur ársins kr. 871.037 þúsund úr Hlutfallsdeild en kr. 35.368 þúsund úr Stigadeild. Á árinu áður voru lífeyrisgreiðslur alls kr. 906.405 þúsund. Er aukningin því 9.66%.

Í árslok greiddu 2417 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins, þar af 530 í Hlutfallsdeild og 1887 í Stigadeild. Í árslok 2005 greiddu 590 sjóðfélagar iðgjöld í Hlutfallsdeild og 1687 í Stigadeild eða alls 2.277. Í lok ársins áttu í Hlutfallsdeild 1321 sjóðfélagar geymd réttindi til lífeyris og 2371 áttu rétt til endurgreiðslu iðgjalda.

## Lán til sjóðfélaga á árinu

Á árinu voru samþykktar alls 47 lánveitingar til sjóðfélaga, alls að fjárhæð kr. 222.3 milljónir. Meðalfjárhæð var því kr. 4.7 milljónir en var á árinu áður kr. 4.0 milljónir. Hámarkslandsfjárhæð er nú kr. 25 milljónir efir sex mánaða starf. Vextir eru nú 4.6%, breytilegir skv. ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma.

## Fjárvörlususamningar

Þann 1. febrúar 2002 voru gerðir nýir fjárvörlususamningar við Búnaðarbanka Íslands hf (nú Kaupthing hf) og Landsbanka Íslands hf. Samningar þessir komu í stað eldri fjárvörlususamninga við sömu aðila sem gerðir höfðu verið þann 1. september 1998. Þá tóku nýir fjárvörlususamningar gildi 1. janúar 2006 og komu þeir í stað hinna eldri. Fjárfestingastefnur beggja deilda hafa verið endurskoðaðar reglulega á tímabilinu. Hafa þær breytingar fyrst og fremst miðað að því að minnka vægi erlendra fjárfestinga sjóðsins svo og innlendra fjárfestinga í hlutabréfum.

## Staða sjóðsins

Í lok ársins voru heildareignir Lífeyrissjóðs bankamanna kr. 34.819.790 þúsund sem skiptast þannig að í Hlutfallsdeild voru eignir alls kr. 24.739.081 þúsund, eða 71,0% og í Stigadeild kr. 10.080.709 þúsund eða 29,0%.

Fyrir liggur tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum sjóðsins miðað við 31. desember 2006. Samkvæmt niðurstöðum hennar voru áfallnar skuldbindingar í Hlutfallsdeild kr. 25.612,8 milljónir en í Stigadeild kr. 7.129,1 milljónir. Alls er því um að ræða kr. 32.741,9 milljónir. Sé hins vegar litið til framtíðarréttar eru heildarskuldbindingar Hlutfallsdeilda kr. 30.358,1 milljónir eða kr. 895,7 milljónir umfram eignir sem samsvarar 2,95% af skuldbindingum og heildarskuldbindingar Stigadeilda kr. 30.217,8 milljónir eða kr. 1.640,4 milljónir umfram eignir sem samsvarar 5,43% af skuldbindingum.

# Skýrsla stjórnar

---

## Önnur mál

Ýmis önnur mál voru til umfjöllunar hjá stjórninni en hún hélt 11 bókaða fundi á árinu. Svo sem fyrr er getið tóku nýir fjárvörlusamningar gildi 1. janúar 2006. Þá hafa verið gerðar breytingar á fjárfestingastefnum þeirra. Eru þær mismunandi fyrir deildir sjóðsins þar sem tekið er mið af ólíkum áetlunum um greiðslustreymi í framtíðinni. Í báðum tilvikum er um að ræða varfærnar fjárfestingstefnur þar sem þess er gætt að lágmarka áhettu sjóðsins. Stjórnin lagði, að stærstum hluta í fjárvörslu, það fé sem losnaði.

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins á árinu 2006 námu 12,8 milljónum króna og skiptast þannig:

Friðbert Traustason, formaður .....	1.154.125
Haukur Þór Haraldsson, varaformaður .....	894.125
Arnór Sighvatsson .....	318.059
Ingvar A. Sigfússon .....	634.125
Friðrik S. Halldórsson .....	634.125
Sigurjón Gunnarsson .....	634.125
Helga Jónsdóttir .....	376.177
Varamenn .....	80.000
Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri .....	8.028.922
Samtals	12.753.783

Á árinu var gerður nýr samningur við Deloitte um innri endurskoðun. Eins og eldri samningur tekur hann mið af reglum Fjármálaeftirlitsins.

Þann 1. janúar 2006 var tekið í notkun iðgjaldakerfið Jóakim fyrir Stigadeild sjóðsins og var jafnframt samþykkt að taka það í notkun svo fljótt sem kostur er fyrir Hlutfallsdeild en hlutfallskerfi þess er í þróun. Þá var einnig verðbréfakerfið Jóakim tekið í notkun frá sama tíma. Þann 1. janúar 2005 hafði verið tekið í notkun lífeyrisgreiðslukerfið Jóakim en áður hafði sjóðurinn notað launakerfi RB fyrir lífeyrisgreiðslur.

Á árinu hefur stjórn sjóðsins átt viðræður við aðildarfyrirtæki Hlutfallsdeilda um forsendur við uppgjör skuldbindinga m.v. lok ársins 1997 og hvernig staðið verði að endalegu uppgjöri en að óbreyttu stefndi Hlutfallsdeild sjóðsins í þrot árið 2035 að mati tryggingafræðings sjóðsins. Viðræður þessar höfðu ekki skilað árangri á árinu 2005 og því var þann 30. júní 2005 þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, stefna á hendur Landsbanka Íslands h.f. og íslenska ríkinu. Viðræður þessar skiliðu hins vegar þeim árangri á árinu 2006 að aðildarfyrirtækin samþykktu að greiða til sjóðsins alls kr. 1.407.516 þúsund og lauk því uppgjöri að mestu fyrir lok ársins. Var því ákveðið að falla frá fyrrgreindum málarekstri.

Á árinu hefur stjórnin unnið að undirbúningi þess að taka upp aldurstengt réttindakerfi í Stigadeild og er stefnt að tillögugerð fyrir ársfund 2007.

Þá var á árinu unnið að endurbótum á heimasíðu sjóðsins.

# Skýrsla stjórnar

---

Sjóðurinn hefur aðsetur að Suðurlandsbraut 24 Reykjavík, sími 569 0900, símbréf 569 0909, tölvupóstfang lifbank@lifbank.is, veffang er www@lifbank.is. Skuldabréf sjóðsins eru til afgreiðslu í útibúi Landsbanka Íslands h.f. við Austurstræti.

# Áritun stjórnar

---

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2007

## Stjórn



Friðbert Traustason



Haukur Þór Haraldsson



Helga Jónsdóttir



Ingvar A Sigfusson



Sigurjón Gunnarsson



Friðrik Halldórsson

## Framkvæmdastjóri



Sigtryggur Jónsson

# **Hlutfallsdeild**

---

**Ársreikningur**

---

**2006**

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2006

---

	Skýr.	2006	2005
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		73.081.877	74.856.014
Iðgjöld launagreiðenda .....		268.464.780	272.834.662
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(2.610.927)	(1.180.042)
Sérstök aukaframlög .....	17	1.407.516.480	0
		<u>1.746.452.210</u>	<u>346.510.634</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	3	871.037.278	796.553.609
		<u>871.037.278</u>	<u>796.553.609</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....		351.459	1.415.650
Vaxtatekjur og gengismunur .....	5	2.862.605.151	1.840.388.534
		<u>2.862.956.610</u>	<u>1.841.804.184</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		7.099.272	6.741.821
Önnur fjárfestingargjöld .....		4.701.066	12.296.292
		<u>11.800.338</u>	<u>19.038.113</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		34.403.645	32.671.409
		<u>34.403.645</u>	<u>32.671.409</u>
Hækjun á hreinni eign á árinu .....		3.692.167.559	1.340.051.687
Hrein eign frá fyrra ári .....		21.046.913.245	19.706.861.558
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....		<u>24.739.080.804</u>	<u>21.046.913.245</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2006

---

	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	6	11.416.560.877	9.435.933.570
Verðbréf með föstum tekjum .....	7	12.359.494.251	10.287.883.167
Veðlán .....	8-9	1.069.164.144	1.053.559.142
		<u>24.845.219.273</u>	<u>20.777.375.880</u>
<b>Kröfur</b>			
Aðrar kröfur .....	15	<u>45.372.706</u>	9.943.986
		<u>45.372.706</u>	<u>9.943.986</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Rekstrarfármunir og aðrar efnislegar eignir .....	4	1.053.535	1.049.441
Sjóður og veltiinnlán .....		<u>121.721.894</u>	<u>295.814.046</u>
		<u>122.775.429</u>	<u>296.863.487</u>
<b>Eignir</b>		<u>25.013.367.407</u>	<u>21.084.183.353</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	16	<u>274.286.603</u>	<u>37.270.108</u>
<b>Skuldir</b>		<u>274.286.603</u>	<u>37.270.108</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris alls</b>		<u>24.739.080.804</u>	<u>21.046.913.245</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

---

	2006	2005
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld .....	1.713.052.210	346.510.634
Fjárfestingartekjur .....	435.860.630	498.599.745
Afborganir verðbréfa .....	686.445.345	821.723.095
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....	10.520.629.136	14.824.879.000
Seld verðbréf með föstum tekjum .....	751.241.014	186.359.101
Aðrar inngreiðslur .....	80.476.951	10.833.923
	<hr/> 14.187.705.286	<hr/> 16.688.905.498
<b>Útgreiðslur</b>		
Lífeyrir .....	871.037.278	796.553.609
Fjárfestingargjöld .....	19.395.563	6.741.821
Rekstrarkostnaður án afskrifta .....	34.025.265	32.271.027
Aðrar útgreiðslur .....	382.473	5.300.271
	<hr/> 924.840.579	<hr/> 840.866.728
<b>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu</b>	<hr/> 13.262.864.707	<hr/> 15.848.038.770
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....	10.834.066.002	13.429.524.080
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....	2.471.671.857	2.314.333.550
Ný veðlán og útlán .....	131.219.000	73.285.000
	<hr/> 13.436.956.859	<hr/> 15.817.142.630
 <b>Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum .....</b>	 (174.092.152)	 30.896.139
<b>Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....</b>	<hr/> 295.814.046	<hr/> 264.917.907
 <b>Sjóður og veltiinnlán í árslok .....</b>	 <hr/> 121.721.894	 <hr/> 295.814.046

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Lífeyrissjóður bankamanna starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, Hlutfallsdeild og Stigadeild og skulu allir starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins, sem náð hafa 16 ára aldri vera sjóðfélagar meðan þeir starfa hjá viðkomandi fyrirtæki. Greiddur er ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir.

### Lífeyrisréttindi

Réttindi til lífeyris ráðast af starfshlutfalli og starfstíma svo og launum seinustu 5 ára. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og fylgja vísitölu neysluverðs. Taka eftirlauna getur hafist við 65 ára aldur eða fyrr ef aldur og starfsaldur ná 95 árum. Að öðru leyti eru réttindi óháð aldri sjóðfélaga. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börm rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda.

Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrissréttindi, því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna ellí til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Skylduaðild er að lífeyrissjóðnum og er kveðið á um iðgjald til sjóðsins í kjarasamningum SÍB og viðsemjanda þess. SÍB er eina stéttarfélagið sem á aðild að þessum sjóði. Launamönnum SÍB ber að greiða 4% af grunnlaunum sínum til þessa sjóðs á móti 14,4% framlagi atvinnurekenda eða samtals 18,4% sem kallast lágmarksíðgjald.

### Fjárvarsla

Eftirtaldir fjárvörluaðilar sáu um vörslu og ávöxtun á hluta af verðbréfasafni sjóðsins samkvæmt sérstökum samningum. Í árslok 2006 voru 7.465 milljónir króna í fjárvörlu hjá Landsbanka Íslands hf. og 7.831 milljónir króna hjá Kaupthingi hf. Í efnahagsreikningi eru söfnin greind niður á viðeigandi eignir og skuldir.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

### Gjaldmiðlar og vísitölur

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

### Áhættustjórnun

Sjóðurinn hefur gert framvírka gjaldmiðlasamninga við lánastofnanir. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna eigna sjóðsins. Samningarnir eru gerðir upp á markaðsverði. Höfuðstóll samninganna er ekki færður í efnahagsreikning, en afkoma þeirra er færð í yfirlit um breytingu á hreinni eign og efnahagsreikning. Samningarnir eru færðir í efnahagsreikning með öðrum eignum eða öðrum skuldum eftir því hvort staða þeirra er jákvæð eða neikvæð.

# Skýringar

---

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Skráning iðgjálda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilagreinar berast sjóðnum.

### Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

### Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

### Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

### Verðbréf

Verðbréfacing sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignsfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Skuldabréf með viðmiðun við hlutabréfavísítölur eru hins vegar færð við markaðsvirði.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

# Skýringar

## 3. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	2006	2005
Ellilífeyrir .....	712.418.893	642.174.695
Örorkulífeyrir .....	52.785.822	55.187.796
Makalífeyrir .....	103.851.632	97.636.437
Barnalífeyrir .....	914.250	746.370
Dánarbætur.....	1.066.681	808.311
	<u>871.037.278</u>	<u>796.553.609</u>

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Innréttigar, áhöld og tæki
Stofnverð í ársbyrjun.....	4.672.917
Afskrifað áður .....	<u>(3.623.476)</u>
Bókfært verð í ársbyrjun.....	1.049.441
Viðbót á árinu.....	382.473
Afskrifað á árinu .....	<u>(378.380)</u>
Bókfært verð í árslok.....	<u>1.053.535</u>
Afskriftarhlutföll .....	20%

## 5. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur skuldabréfa og annarra eigna .....	1.302.528.205
Gengismunur hlutdeildarskírteina .....	1.559.543.981
Lántökugjöld .....	532.965
	<u>2.862.605.151</u>

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum .....	32.858.871
Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum .....	8.280.062.890
Hlutdeildarskírteini í erlendum sjóðum .....	3.103.639.116
	<u>11.416.560.877</u>

# Skýringar

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum (framhald)

Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Skráð félög:			
Hf. Eimskipafélag Íslands .....	0,01%	239.723	7.790.998
Marel hf. .....	0,09%	324.359	24.975.643
			<u>32.766.641</u>

Óskráð félög:

Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfapíng .....	1,84%	92.230	<u>92.230</u>
			<u>92.230</u>

Hlutabréfaeign alls .....			<u>32.858.871</u>
---------------------------	--	--	-------------------

Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

LÍ - Markaðsbréf 1 .....		218.834.276
LÍ - Markaðsbréf 2 .....		59.311.875
LÍ - Markaðsbréf 3 .....		608.262.765
LÍ - Markaðsbréf 4 .....		1.255.729.510
LÍ Deversified Yield Fund (ISK) .....		153.777.000
LÍ - Peningabréf í EUR .....		132.414.907
LÍ - Peningabréf í USD .....		137.579.700
LÍ - Fyrirtækjabréf .....		1.218.891.367
LÍ - Peningabréf .....		1.776.255.071
Kaupþing - Ríkisverðbréfasjóður langur (Langtímaþréf) .....		1.060.205.295
Kaupþing - Ríkisverðbréfasjóður millilangur (Eignarskattfrjáls bréf) .....		119.152.763
Kaupþing - Hávaxtasjóður (Hávaxtabréf) .....		282.595.269
Kaupþing - Peningamarkaðssjóður (Peningamarkaðsbréf) .....		281.147.743
Kaupþing - Erlend skuldabréf .....		<u>14.619.783</u>
		<u>7.318.777.324</u>

Aðrir innlendir sjóðir með skuldabréfum:

Kaupthing Fixed Income (Vogunarsjóður) .....		<u>20.494.720</u>
Hlutdeildarskírteini í innlendum skuldabréfasjóðum alls .....		<u>7.339.272.044</u>

Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

LÍ - Úrvalsbréf.....		31.936.315
LÍ - Global Equity Fund .....		486.448.831
LÍ - Global Oportunity Fund (EUR) .....		197.219.250
LÍ - Vísitölubréf .....		58.990.679
Kaupþing - ICEQ verðbréfasjóður .....		17.208.404
Kaupþing - Icelandic Equity .....		16.664.980
Kaupþing - Einingabréf 9 .....		<u>11.876.554</u>
		<u>820.345.013</u>

# Skýringar

---

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum (framhald)

Aðrir innlendir sjóðir með hlutabréfum:

Kaupþing - IS 15 .....		120.445.833
Hlutdeildarskírteini í innlendum hlutabréfasjóðum alls .....		940.790.846
Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum alls.....		8.280.062.890

Erlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

ACM Global Growth Trends Port. ....	USD	308.414.619
ACM Global Value Port. ....	USD	438.223.983
ACM Emerging Markets Portf. ....	USD	58.065.372
ACM European Value Portf. ....	USD	112.396.641
Kepler EuropeanSmall/Mid .....	EUR	35.451.753
iShares MSCI Japan Indx .....	USD	124.858.154
UBS USA Value .....	USD	21.557.857
JPMF Global Dynamic Equity Fund .....	USD	143.317.192
JPMF Funds India Fund .....	USD	149.245
JPMF Japan Select Equity Fund .....	JPY	59.796.240
State Street N-America Enhanced Fund .....	USD	392.126.376
State Street Pacific Enhanced Fund .....	JPY	100.526.818
Legg Mason Global Funds plc .....	USD	112.257.757
W.P. Stewart Funds plc. ....	USD	55.147.075
AXA Rosenberg Japan Equity-A .....	JPY	40.066.323
Kaupthing FX (Vogunarsjóður) .....	EUR	92.723.944
Montenaro European Smaller Comp. Fund .....	EUR	44.753.996
Kaupthing Lux Global Value Class .....	EUR	97.008.513
Fidelity Active Strategy Sicav Fund .....	EUR	136.463.736
Fidelity European Aggressive Fund .....	EUR	119.956.817
Fidelity European Mid Cap Fund .....	EUR	137.166.816
ACM Global Growth Trends Fund .....	USD	187.671.063
ACM Global Value Portf. Fund .....	USD	143.731.716

2.961.832.006

Aðrir erlendir sjóðir með hlutabréfum:

Kaupthing Manager Selection BRIC Fund .....	EUR	141.807.110
Hlutdeildarskírteini í erlendum hlutabréfasjóðum alls .....		3.103.639.116
Hlutdeildarskírteini alls .....		11.383.702.006

# Skýringar

## 7. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð

Skuldabréf Húsnæðisstofnunar .....	33.142.621
Húsbréf .....	155.647.882
Íbúðabréf.....	8.541.041.227
Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð .....	1.829.678.581
	<hr/>
	10.559.510.311

Skuldabréf sveitarfélaga .....	8.897.445
Skuldabréf lánastofnana .....	1.008.162.727
Skuldabréf fyrirtækja .....	782.923.768
	<hr/>
Verðbréf með föstum tekjum alls .....	12.359.494.251

## 8. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

Skuldabréf sjóðfélaga .....	1.075.962.360
Niðurfærsla veðskuldabréfa .....	(6.798.216)
	<hr/>
	1.069.164.144

## 9. Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	6.798.216
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu .....	0
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	0
	<hr/>
	6.798.216

## 10. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	7.845.707.904	3.570.852.973	11.416.560.877
Verðbréf með föstum tekjum .....	12.359.494.251		12.359.494.251
Veðlán .....	1.069.164.144		1.069.164.144
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	21.274.366.300	3.570.852.973	24.845.219.273
Hlutfallsleg skipting .....	86%	14%	100%

Skipting fjárfestinga eftir erlendum gjaldmiðlum:

	Verðbréf m/ breytil. tekjum	Verðbréf m/ föstum tekjum	Hlutfall
Í USD .....	2.235.496.750	0	62,6%
Í EUR.....	1.134.966.842	0	31,8%
Í JPY.....	200.389.381	0	5,6%
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	3.570.852.973	0	100,0%

# Skýringar

## 11. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu á kaupdegi. Væru þessi verðbréf færð til eignar á markaðsverði væri mat þeirra 392 millj. kr. lægra og hrein eign til greiðslu lífeyris þeim mun lægri.

## 12. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum Hlutfallsdeildar:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu Hlutfallsdeilda í árslok 2006 miðað við 3,5% árvexti þá eru eignir deildarinnar kr. 588,6 milljónir umfram áfallnar skuldbindingar sem jafngildir 2,3% af skuldbindingum. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru kr. 895,7 milljónir eða 3,0% af skuldbindingum.

	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	24.739,1		24.739,1
Núvirði verðbréfa, hækkun.....	1.592,9		1.592,9
Lækkun vegna fjárfestingargjalda.....	(130,6)		(130,6)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		3.261,0	3.261,0
	26.201,4	3.261,0	29.462,4
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir .....	19.887,9	3.728,0	23.615,9
Örorkulífeyrir.....	876,0	212,6	1.088,6
Makálífeyrir.....	3.682,5	462,4	4.144,9
Barnalífeyrir.....	38,0	9,7	47,7
95 ára regla.....	625,5	285,2	910,7
Annað .....	490,2	43,4	533,6
Rekstrarkostnaður .....	12,7	4,0	16,7
	25.612,8	4.745,3	30.358,1
Eignir umfram skuldbindingar .....	588,6	(1.484,3)	(895,7)
Í hlutfalli af skuldbindingum .....	2,30%	-31,28%	-2,95%

## 13. Ábyrgðir og skuldbindingar

Lífeyrissjóðurinn hefur gert framvírka gjaldmiðlasamninga og framtíðarsamninga við lánastofnanir. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna eigna Hlutfallsdeilda. Miðað við gengi í árslok hefur sjóðurinn skuldbundið sig til slíkra samninga fyrir um 4.512,4 millj. kr. Staða þessara samninga í árslok var neikvæð um 269,6 millj. kr. og hafa áhrif þeirra verið færð inn í rekstur deildarinnar á liðinn vaxtatekjur og gengismunur í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og til skuldar á liðinn aðrar skuldir í efnahagsreikningi.

# Skýringar

## 14. Rekstrargjöld

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2006	2005
Laun starfsfólks.....	13.192.423	11.898.017
Stjórnarlaun.....	3.418.104	3.561.382
Launatengd gjöld .....	2.517.592	2.623.122
	<u>19.128.119</u>	<u>18.082.520</u>

Starfsmenn sjóðsins voru 3 á árinu 2006 í 3 stöðugildum.

Þóknanir til Deloitte hf, ytri endurskoðenda sjóðsins, á árinu 2006 námu 1.616 þús. kr. að meðtöldum vsk. og greinast þannig:

	2006	2005
Endurskoðun og ársuppgjör.....	1.270.102	1.189.209
Önnur þjónusta.....	346.376	0
	<u>1.616.478</u>	<u>1.189.209</u>

Aðrar þóknanir til Deloitte hf nema kr. 856.797 að meðtöldum vsk. og eru vegna vinnu Áhættuþjónustu Deloitte við innri endurskoðun og sérfræðiþjónustu.

## 15. Aðrar kröfur

Endurgreiðsla umsýslupóknunar frá Landsbanka Íslands.....	11.972.706
Krafa á aðildarfyrirtæki vegna sérstaks samkomulags um lausn á vanda hlutfallsdeilda.....	33.400.000
	<u>45.372.706</u>

## 16. Aðrar skuldir

Staða opinna framvirkra samninga í árslok 2006.....	269.585.537
Árangurstengdar þóknanir við vörluaðila vegna ársins 2006.....	4.701.066
	<u>274.286.603</u>

## 17. Önnur mál

Í desember 2006 var gengið frá samkomulagi við aðildarfyrirtæki sjóðsins um lausn á rekstrarvanda Hlutfallsdeilda. Skv. fyrstu grein samkomulagsins greiddu aðildarfyrirtækin til Hlutfallsdeilda 1.408 mkr. sem skiptist á þau í hlutfalli við heildarskuldbindingar vegna sjóðfélaga þess.

Skv. 2. gr. samkomulagsins er gert ráð fyrir að aðildarfyrirtækin taki þátt í rekstrarkostnaði Hlutfallsdeilda á hverju ári sem er umfram 10 mkr. en þó að hámarki 25 mkr. Aðildarfyrirtækin munu greiða þessa fjárhæð í beinu hlutfalli við heildarskuldbindingar sjóðfélaga þess í Hlutfallsdeild. Fjárhæð þessi er verðtryggð skv. vísitölu neysluverðs frá janúar 2006 og mun fyrsta greiðsla færast til tekna á árinu 2007.

# Skýringar

---

## 18. Kennitölur

Yfirlit um kennitölur sjóðsins:

	2006	2005	2004	2003	2002
Hrein raunávöxtun.....	6,17%*	4,85%	8,00%	9,32%	-0,73%
Meðaltal hreinnar raun- ávöxtunar s.l. 5 ár .....	5,46%*	4,14%	2,60%	2,50%	1,93%
Meðaltal hreinnar raun- ávöxtunar s.l. 10 ár .....	4,31%*	4,24%	4,33%	4,25%	4,07%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá upptöku deildaskiptingar 1998.....	4,18%*	3,94%	3,81%	3,12%	1,93%
Hlutf.leg skipt. annarra fjárfestinga:					
Skráð verðbr. með breytilegum tekjum	45,87%	45,41%	51,97%	57,25%	58,87%
Skráð verðbr. með föstum tekjum	41,62%	40,46%	31,53%	23,51%	19,81%
